



LIFE-ICENAP

Styrkumsókn vegna innleiðingar aðlögunaráætlunar Íslands vegna loftslagsbreytinga

Kynningarfundur fyrir C.10 sveitarfélög

23. apríl 2024



Dagskrá

- LIFE
- Sóknarstyrkur um gerð LIFE umsóknar
- Umsóknarferlið og markmið
- Vinnustofur
- Næstu skref

LIFE

- Innleiðing
- 4 undiráætlanir
- Mismunandi gerðir styrkja

LIFE CLIMA SIP umsóknin

LIFE er umhverfis- og loftslagsáætlun Evrópusambandsins og heyra CLIMA SIP styrkir undir hana og eru veittir til verkefna sem snúa að innleiðingu ríkisáætlana.

Framkvæmd við umsóknina er tvískipt. Í fyrstu er skilað inn grunnhugmynd að verkefninu þar sem samstarfaðilar eru skilgreindir og þær aðgerðir sem sótt er um styrk fyrir listaðar upp. Ef hún fæst samþykkt taka við skrif á fullmótaðri umsókn.

Grunnhugmynd skal skila inn þann 5. september 2024
Fullbúinni umsókn skal skila inn þann 6. mars 2025





Sóknarstyrkur um gerð LIFE umsóknar: verkefnisteymi umsóknarskrifa

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti

Veðurstofa Íslands

Samband íslenskra sveitarfélaga

Rannís

Samtök atvinnulífsins

Bændasamtök Íslands



Umsóknarferlið:

Verkefnið sem sótt er um fyrir snýr að innleiðingu aðlögunaráætlunar Íslands vegna loftslagsbreytinga í samræmi við stefnu stjórnvalda (NAS)

Nýtum umsóknarferlið til þess að stilla saman strengi og vinna frá upphafi saman að gerð umsóknar

Kalla saman hagaðila, skilgreina mögulega aðkomu þeirra og útfæra verkefni sem ættu heima undir aðlögunaráætlun og þar með LIFE umsóknin

Aðlögunaráætlun Íslands

LIFE umsókn - ICENAP

- Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti fer fyrir umsókninni enda um innleiðingu ríkisáætlunar að ræða
 - Aðrir hagaðilar geta þó líka verið styrkþegar
- Samstarfsaðilar verða önnur ráðuneyti og stofnanir þeirra, sveitarfélög og aðilar úr einkageiranum.
- Aðlögunaráætlun er þegar í vinnslu í URN og fyrirhugað að fyrsti hringur innleiðingar eigi sér stað á tímabilinu 2025-2029* (mögulega lengri tímalína fyrir styrkinn)
 - Hugsunin er að nýta styrkinn í þá innleiðingu að einhverju leyti í verkefni sem þegar hafa verið mótuð.
- Við mótun aðlögunaráætlunar hefur orðið til stór hugmyndabanki aðlögunaraðgerða:
 - www.geo.alta.is/adlogun

Aðlögunaráætlun 2025-2029 vegna loftslagsbreytinga

Þátttaka í LIFE CLIMA SIP
umsókn til Evrópusambandsins



Aðlögunaráætlun vegna loftslagsbreytinga

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti leiðir nú styrkumsókn til Evrópusambandsins um innleiðingu fyrstu aðlögunaráætlunar Íslands vegna loftslagsbreytinga. Kveðið er á um slíka áætlun í lögum um loftslagsmál og er hún þegar í mótun innan ráðuneytisins. Stefnt er að innleiðingu árin 2025-2029.

Áætlunin er unnin í samræmi við [stefnu stjórnvalda um aðlögun að loftslagsbreytingum](#). Á grundvelli hennar hafa verið mótaðar tillögur fyrir gerð landsáætlunar, [Loftslagsþolið Ísland](#). Þær tillögur byggja á viðtæku [samráði](#) við hagaðila hinna ýmsu geira. Í samráðsferlinu varð til stór [hugmyndabanki aðlögunaraðgerða](#) sem mun nýtast inn í verkefnið.

LIFE CLIMA SIP umsóknin

LIFE er umhverfis- og loftslagsáætlun Evrópusambandsins og heyrir CLIMA SIP styrkir undir hana og eru veittir til verkefna sem snúa að innleiðingu ríkisáætlana.

Framkvæmd við umsóknina er tvískipt. Í fyrstu er skilað inn grunnhugmynd að verkefninu þar sem samstarfsaðilar eru skilgreindir og þær aðgerðir sem sótt er um styrk fyrir listaðar upp. Ef hún fæst samþykkt taka við skrif á fullmótaðri umsókn.

Grunnhugmynd skal skila inn þann 5. september 2024
Fullbúinni umsókn skal skila inn þann 6. mars 2025

Tækifæri til þátttöku

Þátttaka felur í sér tækifæri til þess að móta og framkvæma aðgerðir sem falla undir aðlögun að loftslagsbreytingum og hefðu heimilisfesti undir aðlögunaráætlun.

Styrkurinn byggir á raunkostnaði og er 60% af heildarkostnaði við verkefnið. Mótframlag er því 40% en getur verið á formi vinnuframlags.

Samskonar LIFE-styrkir hafa verið á bilinu 1,5-4,5 milljarðar ISK og styrkuppþæðin myndi dreifast á framkvæmdaða yfir tímabilið 2025-2029.

Hvað þarft þú að gera?

Skoðaðu [hugmyndabanka aðlögunaraðgerða](#) og athuga hvort þar er að finna aðgerðir sem falla undir þína starfsemi.

Greina hvort starfsemi þin hafi þegar skilgreint eða vinni þegar að aðgerðum sem falla undir aðlögun að loftslagsbreytingum.



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Veðurstofa Íslands



samtök atvinnulífsins



Samband íslenskra sveitarfélaga

rannís

Tímaáætlun

IceNAP umsóknarferli, 15 mánaða tímabil

- Frumhugmynd (e. Concept note) skilað inn í byrjun **september 2024**.
- Lokaumsókn skilað inn í byrjun **mars 2025**.
- **Samræmi þarf að vera á milli þessara umsókna hvað varðar kostnaðartölur og hagaðila svo það borgar sig að vinna frumhugmyndina vel!**
- Ef styrkur færst hefst undirbúningsfasi sem stendur fram eftir ári 2025.

Verkefnið sjálft - innleiðing aðlögunaráætlunar

- Ef styrkur fæst gæti verkefnið hafist í kringum **áramót 2025/2026**.
- **Styrkhæf verkefni má vinna á tímabilinu 2026-2029***.
 - Ekki er nauðsynlegt að hefja verkefnin strax fyrsta árið.

*mögulega lengri tímalína



Tækifæri til þátttöku

- Þátttaka felur í sér **tækifæri til þess að móta og framkvæma aðgerðir sem falla undir aðlögun að loftslagsbreytingum.**
 - Mikilvægt að huga að því að aðgerðirnar feli í sér **nýjung/nýsköpun/nýja aðferðafræði/nýbreytni.**
 - Aðgerðir sem önnur sveitarfélög gætu nýtt sér í framhaldinu eru ákjósanlegastar.
- Styrkurinn byggir á raunkostnaði og er **60%** af heildarkostnaði. Mótframlag er því **40%** en getur verið á formi vinnuframlags.
 - Telja til allt sem gæti verið mótframlag.
- Samskonar LIFE-styrkir hafa verið á bilinu 1,5-4,5 milljarðar ISK og styrkupp hæðin myndi dreifast á milli hagaðila yfir tímabilið 2025-2029.



Vinnustofur framundan

Tvær vinnustofur framundan fyrir styrkþega ICENap:

- Mótun umsóknar – ??? Maí (líklega 16. maí)*
- Fjármál verkefnisins – 30. maí



Vinnustofa: Mótun umsóknar

Lengd: 1 dagur – Þátttakendur: Styrkþegar

Markmið:

Tryggja að allir samstarfsaðilar í verkefninu:

- átti sig á heildarumfangi verkefnis,
- hafi sömu sýn á markmiðum þess,
- hafi sömu sýn á uppsetningu verkefnisins,
- skilji hvaða aðgerðir falla innan þess og hverjar utan, sem ætti að skila því
- að öll skilji eigin ábyrgð og annarra í verkefninu.

Afurðir:

- Listi yfir þau áhrif sem verkefnið á að hafa skilað 5 -10 árum eftir lok þess
- Skýrt yrt markmið verkefnis – hverju á það að hafa skilað við lok verkefnis
- Lýsing á verkefni – heiti vinnupakka, markmið hvers og eins þeirra og leiðtogar hvers þeirra



Vinnustofa: Fjármál

- Lengd: 1/2 dagur
- Þátttakendur:
 - Styrkþegar ICENAP

Dagskrá:

- Fjárhagsáætlun
 - Hvaða kostnaður er tækur?
 - Flokkun kostnaðarliða
- Hvaða kostnaður liggur hvar og hjá hverjum?

Næstu skref hjá ykkur ef áhugi er fyrir hendi.....

Skoða hvort sveitarfélagið hafi þegar mótaðar aðgerðir eða hafi þegar hafið vinnu við aðgerðir sem falla undir aðlögun

- Skoða hugmyndabanka aðlögunaraðgerða og meta hvort þar er að finna aðgerðir sem sveitarfélagið væri tilbúið til þess að þróa áfram
- Huga að nýbreytni

Kostnaðarmeta aðgerðirnar

- Meta hvort sveitarfélagið er í stakk búið til þess að koma með 40% mótframlag (t.d. á formi vinnuframlags)

Tryggja stuðning

- Mikilvægt að viljrði sé frá stjórnendum að starfsmaður fái svigrúm til þess að vinna að umsókninni með teyminu.

Óska eftir þátttöku á vinnustofu um mótun umsóknar - ?? maí

Aðgerðir til aðlögunar

Gagnagrunnur um aðgerðir til aðlögunar að lofstagsbreytingum, sjá [hér](#).
Velja má aðgerðir eftir ýmsum flokkum. Sýndar eru aðgerðir sem falla í alla valda flokka. Valdir flokkar eru litaðir, aðrir hvítir.

Forgangsröðun

Forgangur Ekki forgangur

Velja allt / ekkert

Málaflokkar

Þvert á málaflokka Náttúruvá Samgöngur Skipulagsmál Vátryggingar
Vatn Fráveita Landbúnaður Mannvirki Lýðheilsa
Þjóðarhagur og vinnumerkaður Sjávarútvegur og fiskeldi Ferðaþjónusta
Fjármálastarsemi Orkumál

Velja allt / ekkert

Tegund

A1 A2 A3 B1 B2 C1 C2 D1 D2 E1 E2

Velja allt / ekkert

Eftirtaldir aðgerðir passa við þá flokka sem þú valdir: (93)

Þú getur líka valið flokka í töflunni hér fyrir neðan.

Auðk.	Aðgerð	Tengd málaflokkar og aðilar
Þv1	Gera Loftslagsatlas Íslands, sem veiti yfirsýn, fylli í gagnaeyður og auki upplýsingagjöf um áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi.	Forgangur Þvert á málaflokka C2 E1 Ríki Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

[Aðgerðir til aðlögunar \(alta.is\)](https://alta.is)